

Tillaga um samskiptareglur borgarfulltrúa

Lagt er til að settar verði samskiptareglur sem gilda eiga á öllum fundum, nefndum, ráðum og samstarfshópum sem borgarfulltrúar eiga samstarf í. Sömu reglur skulu gilda um starfsfólk skrifstofu borgarstjórnar sem starfa með borgarfulltrúum. Samhliða tillögunni er lögð fram viðbragðsáætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun sem eineltisteymi borgarinnar (teymið) skal fylgja berist kvörtun um óæskilega hegðun, framkomu eða einelti. Astæða tillögunnar er sú að í starfi borgarfulltrúa má ídulega gera ráð fyrir að fundir séu átakavettvangur og að tekist sé á um málefni. Eðlilegt er að skipst sé á skoðunum og gagnrýni og mótmæli algeng þegar tekist er á um hin ýmsu málefni. Undir öllum kringumstæðum er eðlileg krafa að borgarfulltrúar séu málefnalegir. Í ljósi þeirrar ábyrgðar sem þeim hefur verið falin er gerð sú krafa að þeir geti greint málefnalega gagnrýni frá persónulegri og sýni ávallt fyllstu kurteisi og virðingu í tali. Borgarfulltrúum ber að sýna gott fordæmi í þessum efnum sem og öðrum enda horfa margir þar með talið börn og ungmenni til stjórnsýslunnar þegar kemur að samskiptaháttum. Í greinargerð er kveðið nánar á um reglurnar og viðbragðsáætlun og farið er yfir rök um hvort tveggja.

Greinargerð

Í krafti valds síns skal borgarstjóri, forseti borgarstjórnar og formaður borgarráðs einnig fara fram með góðu fordæmi í orði og á borði. Þau skulu ávallt og undir öllum kringumstæðum hvetja borgarfulltrúa til að viðhafa jákvæða samskiptahætti og eiga jákvæð og uppbyggjandi samskipti innan sem utan funda. Þau skulu einnig vera, við sín störf, meðvituð og vakandi yfir að borgarfulltrúar sýni fyllstu kurteisi og virðingu í máli sínu og grípa umsvifalaust inn í sé farið á svig við samskiptareglur þessar. Verði þess vart að verið sé að baktala eða sýna öðrum vanvirðingu skal það upplýst samstundis. Sama gildir um borgarfulltrúa, þeir skulu einnig vera vakandi og meðvitaðir og láta vita ef þeir verða vitni að óæskilegri hegðun. Til að öllum sé ljóst hvað átt er við þegar talað er um góða samskiptahætti eru hér nokkur dæmi um framkomu og hegðun sem hvorki er leyfð eða liðin:

- Hunsu eða baktala
- Sýna persónulega vanvirðingu, vera með dónaskap eða hrakyrða, hnýta í, úthúða eða svivirða annan borgarfulltrúa
- Spyrja spurninga sem eru til þess ætlaðar að hæða eða niðra persónu eða aðstæður annars borgarfulltrúa
- Vera hrokafullur í framkomu, sýna fyrirlitningu
- Gera lítið úr skoðunum, viðhorfum, málflutningi eða verkum
- Sýna vanvirðingu eða háð með því að ranghvolfa augunum, flissa, geifla/gretta sig þegar borgarfulltrúi flytur mál sitt eða talar
- Tala með niðrandi hætti við eða um borgarfulltrúa, vera með dylgjur eða aðdróttanir
- Ávita eða skamma borgarfulltrúa vegna skoðana eða viðhorfa
- Nota blótsyrði um eða í garð borgarfulltrúa
- Reyna að láta borgarfulltrúa líta illa út með því að gefa eitthvað í skyn sem er líklegt að rýri traust í hans garð eða geri hann tortryggilegan
- Gagnrýna með niðrandi hætti samskipti eða samvinnu borgarfulltrúa við aðra borgarfulltrúa eða stjórnmalaflokka

Framkoma á fundum sem m.a. lýtur að fundarsköpum sem ekki er leyfð:

- Vera með frammiköll/gjamm á meðan borgarfulltrúi er að tala í pontu eða á fundum
- Að ganga úr sal sé verið að veita viðkomandi andsvar

Telji borgarfulltrúi að á sér sé brotið:

Telji borgarfulltrúi hann verða fyrir einhverju ofangreindu eða öðru ofbeldi á hann þess kost að láta bóka það og óska eftir að það sé rætt sérstaklega. Sé það mat og upplifun borgarfulltrúa að hann sé ítrekað að verða fyrir ofbeldi svo sem einelti eða áreitni skal hann

eiga þess kost að leggja fram formlega kvörtun til teymis borgarinnar sem tekur málið til athugunar samkvæmt eftirfarandi viðbragðsáætlun.

Viðbragðsáætlun

Tilkynningar um einelti eða aðra óæskilega hegðun eiga að berast teyminu. Teymið kemur bá saman og fer vfir kvörtunina og boðar til sín tilkynnandann til að fá frekari upplýsingar. Gerð er verkáætlun er varðar upplýsingaöflun svo sem:

- a) Hvernig vinnsluhraða málsins verði háttað
- b) Við hvern/hverja verður talað og hvenær

Telji tilkynnandi að honum sé ekki vært á staðnum á meðan á rannsókn stendur skal skoða hvaða tilfærslur eða breytingar séu í boði, sem dæmi breytingar á staðsetningu aðila á vinnustaðnum.

Úrvinnsla og eftirfylgni

Aðgerðir/ihlutun taka mið af:

- a) Alvarleika kvörtunarinnar
- b) Hvort um sé að ræða nýtt mál eða endurtekna hegðun

Í úrvinnslu felst að boða meintan geranda á fund og upplýsa hann um tilkynninguna. Einnig boða til fundar aðra sem kunna að tengjast málinu, t.d. vitni. Ræða skal við alla þá sem talið er nauðsynlegt að ræða við til að upplýsa málið.

Álitsgerð með rökstuddri niðurstöðu

Þegar rétt hefur verið við alla hlutaðeigandi aðila leggur teymið mat á heildarmynd málsins. Aðilar þess eru upplýstir um niðurstöðuna í sitthvoru lagi með munnlegum hætti þar sem þeim er boðið að bregðast við henni. Aðilar málsins, tilkynnandi og sá (þeir) sem kvartað er yfir fá eintak af álitsgerðinni. Aðrir sem rétt er við í tengslum við málið fá tækifæri til að kynna sér álitsgerðina hjá teyminu. Ekki skal vera um frekari dreifingu að ræða.

Markmið og eftirfylgni

Eftirfylgni og eftirlit eru sett í gang samhliða úrvinnslunni. Teymi borgarinnar fylgist með málinu áfram t.d. með því að ræða reglulega við aðila. Eftirfylgni getur verið ákveðin óháð því hvort enn votti fyrir þeirri hegðun sem kvartað er yfir.

Markmið úrvinnslunnar er a.m.k. fjórþætt

- a) Að upplýsa málið
- b) Stöðva þá hegðun sem kvartað er vfir
- c) Vinna að því að koma samskiptum aftur í viðunandi horf
- d) Vinna að því að tryggja að öllum líði vel á staðnum

Samhliða úrvinnslu hugar teymið að hvernig megi bæta fræðslu og forvarnir. Einnig hvort forseti borgarstjórnar og formaður borgarráðs þurfi að hnykkja enn frekar á samskiptareglum. Öllum er frjálst að koma með tillögur um með hvaða hætti er hægt að betrubæta staðarbrag enn frekar. Lagt er til að í lok hvers árs sé lögð fyrir könnun um líðan borgarfulltrúa á vinnustaðnum og niðurstöður hennar birtar opinberlega.

Vinnubrögð og málalok

Lögð er áhersla á að öll mál séu unnin af teymi borgarinnar enda sé þar reynsla og bekking til staðar. Í engum tilfellum er nauðsynlegt að kaupa utanaðkomandi þjónustu í þessum málum. Í öllum tilfellum eru mál unnin með gegnsæjum hætti. Tilkynnandi máls er sá sem „á málið“ og skal hafa fullt samráð við hann á meðan á vinnslu stendur.

Máli lýkur þegar sá sem tilkynnir staðfestir að sú hegðun sem kvartað er yfir sé hætt.

Máli skal líúka með formlegum hætti en er tekið upp að nýju ef burfa bykir. Fylgjast þarf áfram með líðan málsaðila og aðstæðum. Einnig er liður í eftirfylgni tevmisins að veita málsaðilum viðeigandi stuðning eða aðra aðstoð sem á við hverju sinni.

Viðbragðsáætlun er endurskoðuð reglulega og endurbætt í samræmi við reynslu af vinnslu þeirra mála sem tilkynnt er um á staðnum.

Faglegt og réttlátt vinnsluferli í eineltismálum skiptir sköpum við úrvinnslu eineltismála.

Enginn ákveður upplifun annarra:

Mælikvarði á hvar mörkin í samskiptum liggja er huglægt mat einstaklings. Enginn ákveður upplifun annarra. Hvernig svo sem mál kann að líta út í byrjun skal Teymið í eineltismálum vinna út frá einni grunnhugmyndafræði og hún er að taka allar kvartanir til skoðunar með opnum hug og af hlutleysi, kanna réttmæti þeirra og forðast að draga ótímabærar ályktanir.

Tilkynningin er mál tilkynnandans:

Því fylgir ábyrgð að tilkynna hegðun og framkomu með formlegum hætti. Þess vegna þarf að vanda vel til tilkynningarinnar enda hún lesin upp fyrir meintan geranda. Í henni þarf að koma fram lýsing á atviki, atburðum, atburðarrás, hver/hverjir, hvenær og hvar. Tilkynnandi á rétt á að vita nákvæmlega hvernig málsmeðferðarferlið er og vera upplýstur um gang mála. Ákveða skal, í samráði við tilkynnanda, hverja aðra hann vill láta ræða við í tengslum við málið.

Sanngjarnar leikreglur og jafnræði:

Allir þeir sem rætt er við þurfa að fá að vita það fyrirfram að um er að ræða opið og gegnsætt vinnsluferli og munu aðilar máls, tilkynnandi og sá sem kvartað er yfir, sjá skráningar viðtala sem höfð eru við aðra í tengslum við málið. Með þessum hætti er það frekar tryggt að allir þeir sem rætt er við um málið vandi mál sitt, segi rétt og satt frá af heiðarleika og einlægni. Aðilar sem er rætt við fá tækifæri til að lesa yfir það sem hafa á eftir þeim í endanlegri álitserð um málið og þeim gefinn kostur á að breyta eða lagfæra framburð sinn.

Meintur gerandi á líka rétt:

Þeir sem kvartað er yfir eiga rétt á að vita nákvæmlega hvað þeir eiga að hafa gert. Það er ábyrgð meints geranda að mæta til fundar til að ræða um kvörtun á hendur honum. Honum skal ávallt vera boðið að hafa með sér annan aðila til stuðnings og ráðgjafar. Meintur gerandi er upplýstur um efni kvörtunarinnar og honum gefinn kostur á að bregðast við, andmæla, útskýra mál sitt eða leiðrétta allt eftir eðli og atvikum málsins. Eins og tilkynnanda, býðst honum að nefna aðila sem hann óskar eftir að rætt verði við í tengslum við málið.

Lokaorð

Í ljósi nýrra persónuverndarlaga skiptir gegnsæi við úrvinnslu mála af þessu tagi miklu máli. Mikilvægt er að allir sem að málinu koma viti að framburður þeirra verður birtur í álitserð um niðurstöður. Gæta skal jafnræðis í hvívetna. Báðir aðilar, tilkynnandi og sá sem kvartað er yfir eiga rétt á að sjá öll gögn í málinu og röksemdafærslu fyrir niðurstöðu málsins.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins.